



Alþingi  
Fjárlaganefnd  
Skrifstofa Alþingis v. Austurvöll  
150 Reykjavík

Reykjavík 18. nóvember 2014

**Efni: Umsögn Ríkiskaupa um frumvarp til laga um opinber fjármál (heildarlög), 206. mál.**

Ríkiskaup telja frumvarpið í heild vera til bóta, sérstaklega hvað varðar aukið gagnsæi sem er fjallað um í frumvarpinu. Meginforsendan fyrir því að takist að framfylgja lögum um opinber innkaup nr. 84/2007 er að upplýsingar um meðferð opinbers fjár séu aðgengilegar. Í dag hefur almenningur og stofnun eins og Ríkiskaup ekki nægilega skýra mynd af því hvernig er farið með opinbert fé og hvort meginreglum laga um opinber innkaup, bann við mismunun, jafnræði og gagnsæi sé framfylgt þegar opinberir aðilar gera samninga við seljendur þjónustu, vöru og verkframkvæmda á almennum markaði.

Eins og fram kemur í frumvarpinu leiðir það til þess að stofnanir munu finna fyrir markvissara eftirliti ráðuneyta en hingað til. Ríkiskaup binda vonir við að slíkt eftirlit muni fela í sér að ráðuneytin skoði markvisst hvort lögum um opinber innkaup sé framfylgt og að það muni leiða til hagkvæmari meðferðar opinbers fjár.

Ríkiskaup gera athugasemdir við eftirtaldar greinar:

#### **20. gr. Stefnumótun fyrir málefнасvið**

Í 20. gr. er fjallað um stefnumörkun fyrir málefнасvið. Ríkiskaup telja mikilvægt að vekja meiri athygli á lögum um opinber innkaup og tryggja að meginmarkmiðum þeirra sé framfylgt. Ef gert er ráð fyrir að fjallað sé um fyrirhuguð útboð hins opinbera í stefnumótun fyrir málefнасvið, má gera ráð fyrir að málaflokkurinn fái meira vægi og að auðveldara verði að tryggja að lögunum verði framfylgt. Nú sem stendur er ekki gert ráð fyrir sérstöku virku eftirliti með opinberum innkaupum ef frá er talið aðhald markaðarins með kærnum til kærunefndar útboðsmála.

Nýjar tilskipanir á sviði opinberra innkaupa (83. gr. tilskipunar 2014/24/EU og 99. gr. tilskipunar 2014/25/EU), sem íslenska ríkinu ber að innleiða, gera ráð fyrir því að aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins skuli sjá þess að virkt eftirlit sé með opinberum innkaupum. Góð byrjun væri að stofnanir þyrftu að taka þessar reglur með í reikninginn við stefnumótun. Ríkiskaup leggja til að orðalagi 1. mgr. 20. gr. verði breytt þannig – sjá dökka textann:

*Hver ráðherra setur fram stefnu fyrir þau málefнасvið og málaflokka sem hann ber ábyrgð á til eigi skemmri tíma en fimm ára. Í stefnunni skal setja fram markmið, þ.m.t. gæða- og þjónustumarkmið, og skýra hvernig þeim verði náð með tilliti til nýtingar fjármuna, tímasetningar, framkvæmdar, ábyrgðar og fyrirhugaðra lagabreytinga. Við stefnumótun og áætlanagerð ber hverjum ráðherra að virða þau markmið og fjárhæðarmörk sem fram koma í fjármálaáætlun sem Alþingi hefur samþykkt. **Sérstaklega skal fjallað um fyrirhuguð útboð vegna framkvæmda, vöru- eða þjónustukaupa yfir viðmiðunarmörkum skv. lögum um opinber innkaup.***

**30. gr. Heimild til flutnings fjárheimilda milli ára**

Ríkiskaup selja ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum þjónustu sína samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur, að fengnum tillögum forstjóra Ríkiskaupa skv. 89. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007. Ríkiskaup fá engar fjárheimildir á fjárlögum heldur þarf stofnunin að tryggja sjálf að innheimt gjöld standi undir rekstrinum og safna fyrir stórum útgjaldaliðum.

Ríkiskaup eru samkvæmt skilgreiningu 49. gr. frumvarpsins A-hluta stofnun. Í 30. gr. frumvarpsins er ekki er tekið mið af þeim fáu ríkisaðilum í A-hluta sem fá engar fjárveitingar og eru reknar fyrir sjálfsaflafé eins og Ríkiskaup og þær stofnanir sem að hluta til eru reknar á sama hátt. Þessar stofnanir þurfa að hafa möguleika á að leggja hluta af hagnaði fyrir í varasjóð eða að taka af honum þegar illa árar.

Framangreindum stofnunum er ætlað að stilla þjónustugjöldum í hóf svo ekki hlaupi ofvöxtur í sjóði þeirra. Tilgangur varasjóðs/höfuðstóls er að mæta ófyrirséðu tekjutapi vegna ófyrirséðra sveiflna í útseldum verkefnum eða til að sinna eðlilegri endurnýjun hugbúnaðar eða tækja. Í langtímaáætlun stofnunar mætti vera ákvæði um söfnun í höfuðstól og notkun hans; þ.e. hvenær áætlað er að nota hann (endurnýja búnað o.þ.h.).

Ef 30. gr. er ætlað að taka til sjálfsaflastofnana væri gagnlegt að fá útskýringu á hvernig það er hugsað, annað hvort í lagagreininni sjálfri eða í athugasemdum við frumvarpið.

**37. gr. Fjárstýring**

Með vísan til umfjöllunar um 30. gr. þ.e. um ríkisaðila sem reknir eru 100% með sjálfsaflafé (eins og Ríkiskaup) þurfa þeir að hafa höfuðstól og eigin bankareikning og ætti því einnig að líta á tekjur af þeirri inneign sem hluta af sértekjum þeirra.

F. h. Ríkiskaupa,

Halldór Ó. Sigurðsson  
forstjóri.